



# Samfélagsfræði

## saga - 6.bekkur haust 2015

### Kennslufni

**Snorra saga.** höf.: Þórarinn Eldjárn. Þar er sagt frá ævi Snorra Sturlusonar í skáldsöguformi.

**Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum,** höf.: Birgir Loftsson. Valdir kaflar úr bókinni

### Helstu viðfangsefni

Að nemendur fái innsýn í samfélag miðalda einkum á Íslandi og geti áttað sig á lífsskilyrðum almennings og ólíku hlutskipti landsmanna varðandi auð og völd. Að þeir átti sig á höfðingjaættum á Sturlungaöld og á mikilvægi Snorra Sturlusonar fyrir sögu íslensku þjóðarinnar og hvaða hlutverk hann hafði sem miðaldarhöfðingi. Einnig að nemendur þekki ævi Snorra Sturlusonar: æsku hans, menntun, fjölskyldu, hvernig hann varð völdugur höfðingi og dauða hans. Nemendur kynnist og þekki Örlygsstaðabardaga, aðdraganda hans og áhrif hans á samfélag þess tíma. Einnig að þeir þekki orsök og aðdraganda Flugumýrabrennu, þekki Gamla sáttmála og hvað fólst í undirritun hans

### Kennslutilhögun

Innlögn, umræður, einstaklings- og hópvinna og upplýsingaöflun. Þemavinna. Unnið er út frá söguramma sem fylgir efninu.

### Námsmat:

Í námsmati er horft til vinnu nemanda í tímum, hópstarfs, verkefnavinnu, vinnubók og kynningar á viðfangsefninu. Einkunn er gefin samkvæmt nýjum viðmiðum Aðalnámskrár og gefnar einkunnir verða A, B, C og D

**Lögð er áhersla á virkni í tímum og samvirkusamleg vinnubrögð**